

Reykjavík 12. apríl 2017

Tilv. 0.3

GG/ls

Akraneskaupstaður  
Stíllholti 16-18  
300 Akranesi

Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
31.1	SAS	18. APR. 2017
Ábmr.	Urv. aðili	Málsnr. One
SEP	SAS	1704105

**Efni: Aðalfundur Faxaflóahafna sf.**

Hér með er boðað til aðalfundar Faxaflóahafna sf. í samræmi við ákvæði sameignarfélagssamnings eigenda fyrirtækisins dags. 17. nóvember 2004. Aðalfundurinn verður í fundarsal 3. hæðar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 17, **föstudaginn 26. maí nk. kl. 15:00** og er dagskrá fundarins eftirfarandi í samræmi við 4. grein sameignarfélagssamningsins:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag þess og rekstri á liðnu ári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar í samræmi við 6. grein.
3. Hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
4. Ákvörðun skal tekin um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á komandi starfsári.
5. Lýst kjöri stjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda fyrir félagið í samræmi við 7. grein.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.



Dagur B. Eggertsson,  
formaður hafnarstjórnar



Gísli Gíslason,  
hafnarstjóri